

**Ed.**

**373. Titillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina að gera sjerstakar ráðstafanir viðvíkjandi prestsþjónustu í Mosfellsprestakalli.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Alþingi heimilar landsstjórninni að verja allt að 1000 krónum árlega til að launa prestvígðum manni í Reykjavík, sem vildi annast guðsþjónustugerð og önnur venjuleg prestsstörf fyrir Kleppsspítala, Viðey, Lágafell og Brautarholt, þar til hin lögmælt braudasamsteypa í Kjós og Mosfellssveit nær fram að ganga.

**Greinargerð.**

Með því að nú liggur fyrir þinginu frv. um að stofna nýtt embætti fyrir Mosfellssveit og Kjalarnes, og auka landssjóði þar með óþarfa kostnað á erfiðum tímum, er hjer bent á leið, sem yrði landinu ódýrust, og gæti þó fullnægt kröfum hjeradsbúa, þar til fram nær að ganga hin lögmælt braudasamsteypa við Reynivallaprestakall. Hjer í Reykjavík eru nú þegar búsettir margir rosknir prestar á lágum estirlaunum, sem myndu eiga auðvelt með að annast þetta ljetta starf sem gæfi þar að auki nokkrar aukatekjur. Nú sem stendur eru nokkur hundruð krónur greiddar árlega fyrir messur á Kleppi. Mætti spara töluvert, ef sami prestur annaðist það starf líka.